

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 31. TBL.

30. APRÍL 2010

## GamanSaman í grunnskólunum og Víðistaðaskóla

Í gær, fimmtudaginn 29. apríl, fór fram í grunnskólum Hafnarfjarðar margvísleg fræðsla og samvera hjá eldri nemendum í tengslum við verkefnið *GamanSaman*. Hver skóli skipulagði fræðsluna fyrir sinn hóp en um kvöldið var skemmtun fyrir 8.-10. bekkina bæjarins í Íþróttahúsi Víðistaðaskóla. Markmið skemmtunarinnar var að safna fé í sjóð sem hefur það að markmiði að bæta líðan barna og unglinga í Hafnarfirði. Þeir sem vilja styrkja sjóðinn er bent á reikningsnúmer hans: 1101-05-417101 og kennitalan er 690196-2719.

Myndirnar hér eru frá fræðslunni í Víðistaðaskóla í gær.



## Síðustu forvöð til að skrá sig á málþingið

Nú eru síðustu forvöð á skrá sig á málþing Skólaskrifstofunnar um nám og kennslu á mörkum leik- og grunnskóla með undirfyrirsögninni: **Hvar eiga fimm ára nemendur heima?**

Málþingið fer fram í Víðistaðaskóla þriðjudaginn 4. maí og stendur frá kl. 13.30-16.30. Þar verða flutt

erindi um mismunandi framkvæmd á skólastarfi með fimm ára nemendum í Hafnarfirði og í einu öðru sveitarfélagi. Á síðari hluta námskeiðsins verður þátttakendum skipt í hóp og leitast við að fá fram sjónarmið málþingsgesta um það hvernig sveitarfélög skuli standa að námi fimm ára nemenda.



## Skólaþróun

Skráning er framlengd til mánudags 3. maí. Senda skal skráningu á netfangið [skolaskr@hafnarfjordur.is](mailto:skolaskr@hafnarfjordur.is) eða hringja í síma **585 5800**.

Nú er um að gera að skrá sig og taka þátt í umræðunni.





## FRÉTTIR

### úr stjórn- kerfi

## Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 26. apríl  
206. fundur:

- Kynning á afreksskóla Hauka.
- Lögð fram skýrsla um könnun á „lengdri viðveru“ hjá íslenskum sveitarfélögum og niðurstöður bornar saman við Hafnarfjörð.
- Farið yfir skólafyrirkomulag í norðurbæ og óskað tilnefninga stjórnmalaflokka til viðuræðna við Hjallastefnuna um barnaskóla hennar.
- Lögð fram samantekt um íbúafing í Hafnarfirði fyrir stuttu (Gaflarakaffi 2010). Fræðsluviði falið að taka saman viðbrögð við umræðu um skólamál í því plaggi og kynna á næsta fundi ráðsins.



### Tilkynning vikunnar

Námskeiðum vetrarins er lokið. Ekki er enn þá ljóst með námskeiðahald næsta vetur þar sem Endurmenntunarsjóður grunnskóla hefur ekki tilkynnt úthlutanir sínar fyrir næsta skólaár.

**Næsta blað  
Skólavefritsins er  
væntanlegt föstudaginn  
7. maí 2010**

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfnni

» **Ljóðin í bænum** er ljóðaverkefni 6. bekkinga í grunnskólum Hafnarfjarðar. Í því felst að nemendur í 6. bekkjum semja ljóð og skreyta að vild og setja í sérstaka bekkjarmöppu. Meðan á Björtum dögum, menningarhátíð Hafnarfjarðar standur (3.-10. júní), verða ljóðin til sýnis fyrir gesti og gangandi í stofnunum og fyrirtækjum í miðbæ Hafnarfjarðar þar sem hægt verður að lesa ljóðin.

Skilafrestur á ljóðamöppum frá skólunum til Skólaskrifstofunnar er 15 maí.

» Leiðrétt úrslit í skákkeppni grunnskólanna sem kynnt voru í **Skólavefritinu** þann 16. apríl en rangt var farið með nafn þess sem lenti í þriðja sæti yngri keppenda.

Rétt röð er:

1. Magni Marelsson, Hvaleyrarskóla
2. Sóley Lind Pálsdóttir, Hvaleyrarskóla
3. Brynjar Ólafsson, Hvaleyrarskóla

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.



## Útiöldun og útikennslunámskeið

Nú fer að líða að næsta námskeiði í útiöldun og útikennslu hjá Útiölduhúsi.is. Þar hefur Guðmundur Finn-bogason, kennari, leiðbeint fjölmörgum kennurum og öðrum áhugasömum um útikennslu og útiöldun. Hann hefur bæði haldið námskeið á eigin vegum og fyrir Nát-túruskóla Reykjavíkur og skátahreyfinguna. Námskeiðin hafa ávalt verið vel sótt og þátttakendur hafa skemmt sér konunglega, lært nýja hluti og fengið innblástur fyrir eigin kennslu og útiveru.

Næstu námskeið verða

haldin sem hér segir:

13. maí - 13:00 opið nám-skeið í útiöldun og úti-kennslu á höfuðborgar-svæðinu, fyrir alla sem hafa áhuga. - Þetta er uppstign-ingardagur, fimmtudagur.

15. maí - 13:00 opið nám-skeið í útiöldun og úti-kennslu á Akureyri - fyrir alla sem hafa áhuga.

19. ágúst - 13:00 opið námskeið í útiöldun og útikennslu á höfuðborgar-svæðinu, fyrir alla sem hafa áhuga.

21. ágúst - 13:00 opið námskeið í útiöldun og útikennslu fyrir norðan -



## Símenntun

Akureyri - fyrir alla sem hafa áhuga.

Áhersla verður lögð á:

- Eldurinn, að kveikja upp og velja eldivið, og prímusinn.
- Nokkrar uppskriftir eldaðar á eldi, bæði í pottum og pönnum og í álpappír.

- Uppskriftir kynntar og kræsingar eldaðar á prímus. Útbúnaður, tól, tæki og áhöld rædd og kynnt.

Námskeiðið kostar 5500 krónur.



## Íþróttakeppni 9. bekkinga í næstu viku

Íþróttakeppni 9. bekkinga í grunnskólum Hafnarfjarðar verður haldin næsta miðvikudag, 4. maí fyrir hádegi á Ásvöllum. Keppt verður í fimm greinum (sundi, víðavangshlaupi, handbolta, fótbolta og skotbolta). Sigurvegari er sá skóli sem hlýtur flest heildarstig í keppninni eftir ákveðnum reglum sem er stýrt af íþróttakennurum grunnskólanna. Víðistaðaskóli er handhafi bikarsins.

